

Byggðasafn Árnesinga

&

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Ársskýrsla 2010



Forsíða	0
Efnisyfirlit	1
Formáli	2
Stofnskrár, samþykktir og áætlanir	2
Stjórn og eigandi	2
Starfsfólk	3
Helstu þjónustuaðilar	3
Opnunartími og gestafjöldi 2010	4
Húsakynni og viðhald þeirra 2010	4
Skráningarkerfi og aðföng 2010	6
Aðstaða til varðveislu	8
Rannsóknir (LÁ)	8
Fornleifadeild Byggðasafns Árnesinga	9
Sýningar og önnur miðlun (LÁ)	10
Jarðskjálftamál	14
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	14
Rjómabúið á Baugsstöðum	15
Samstarf	15
Fundur, námskeið og ráðstefnur	16
Kynningar- og markaðsmál	17
Arfur Helga Ívarssonar frá Hólum	17
Árni Richter og Hannes M. Andersen - minning	17
Helstu tölur úr ársreikningi 2010	18



www.husid.com

Á forsíðu er ljósmynd tekin af þaki Eyrarbakkakirkju á dimmum sumardeg í öskufalls snemma í júní 2010 og sýnir safnasvæðið á Eyrarbakka. Ljós. Linda Ásdísardóttir.

Ljósmyndir þessarar skýrslu eru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram.

Ársskýrslan er unnin eftir forskrift Safnaráðs.

© Byggðasafn Árnesinga 2011

Formáli

Starfsemi Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var hefðbundin árið 2010 og þar unnið að verkefnum sem ber að vinna samkvæmt stofnskrá og öðrum samþykktum - að söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun. Söfnin voru opin á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið.

Sýningahald var með hefðbundnum hætti en þrjár sýningar, stórar og smáar, voru settar upp á árinu. Söfnin á Eyrarbakka voru þátttakendur í bæja- og menningarhátíðum. Áhersla var lögð á útvíkkun sýningahalds í útihúsum norðan Hússins. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fékk andlitslyftingu og Húsið var tjargað.

Byggðasafn Árnesinga tók þátt í tveimur verkefnum á sviði samtímaskráningar og —söfnunar ásamt öðrum minjasöfnum. Unnið var að bæja- og húsakönnun á Stokkseyri.

Stofnskrár, samþykktir og áætlanir

Byggðasafn Árnesinga er í eigu Héraðsnefndar Árnesinga og starfar eftir stofnskrá samþykkt af henni. Byggðasafn Árnesinga var opnað í júlí 1964 á Selfossi en flutti starfsemi sína á Eyrarbakka 1995. Að beiðni Safnaráðs var stofnskrá Byggðasafns Árnesinga endurskoðuð á árinu og gerðar á henni nokkrar breytingar. Þannig staðfest á fundi Héraðsnefndar Árnesinga þann 4. nóvember 2010.

Safnið starfar eftir öllum sjö atriðum sem nefnd eru í 10. grein Safnalaga nr. 2001/106 og eftir 3., 4. og 5. grein Þjóðminjalaga nr. 2001/107.

Safnið starfar eftir heildarstefnu er varðar söfnun, varðveislu og miðlun.

Safnið starfar eftir starfs— og rekstraráætlun sem samþykkt er af stjórn og héraðsnefnd fyrir ár hvert.

Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi stjórnar og safnstjóri eftir starfslýsingu safnstjóra. Fundargerðir stjórnar öðlast gildi með staðfestingu héraðsráðs eða Héraðsnefndar Árnesinga.

Safnstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins og rekur það í umboði stjórnar í samræmi við rekstrar- og starfsáætlanir sem og ákvarðanir teknar á fundum stjórnar safnsins.

Húsið á Eyrarbakka er í eigu Ríkissjóðs og í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Byggðasafn Árnesinga heldur úti grunnsýningu í Húsinu á Eyrarbakka og sér um viðhald þess samkvæmt samkomulagi þar um. Sveitarfélagið Árborg greiðir lóðagjöld og ber allan kostnað af lóð Hússins.

Í gildi er þjónustusamningur milli Byggðasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborgar um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Þuríðarbrúðar á Stokkseyri.

Í gildi er sérstök stofnskrá og söfnunarstefna fyrir Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Byggðasafn Árnesinga er eignaraðili að Rjómaúinu á Baugsstöðum að Þríðjungshluta.

Við safnið er náttúruminjasafn sem miðlað hefur verið til sýninga í skólum og við önnur sýningasetur í héraðinu, einnig á grunnsýningu safnsins.

Stjórn og eigandi

Stjórn Byggðasafns Árnesinga er tilnefnd til eins árs í senn af Héraðsnefnd Árnesinga. Í stjórn eru:

Eva Marín Hlynisdóttir, Hrafnkelsstöðum II, Hrun., stjórnarformaður,

Guðmundur Þór Guðjónsson, Hveragerði, varaformaður,

Sigurður Steindórsson, Eyrarbakka, ritari, til 20. júlí 2010,

Inga Lára Baldvinsdóttir, Eyrarbakka, ritari, frá 20. júlí 2010.

Í varastjórn sitja Hörður Óli Guðmundsson, Sigurður Steindórsson og Kristín Magnúsdóttir.

Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi þar sem kveður á um hlutverk og skyldur stjórnarmanna.

Stjórnarfundir urðu þrír á árinu. Auk þess átti safnstjóri töluverð samskipti við stjórnina milli funda með tölvubréfum og símtölum. Stjórnarformaður og varaformaður mættu á fundi með héraðsráði og fjárhagsnefnd Héraðsnefndar Árnesinga.



Héraðsnefnd Árnesinga er eigandi Byggðasafns Árnesinga. Héraðsnefndin er byggðasamlag sveitarfélaga í Árnessýslu og tók við verkefnum niðurlagðrar Sýslunefndar Árnessýslu árið 1990. Sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur þriggja safna á héraðsvísu. Fjöldi íbúa í sveitarfélögum átta voru 15.275 þann 1. desember 2010.

Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, **safnstjóri** í 100% stöðu, hóf störf við safnið 1. júní 1992. Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfseminu og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks. Allir aðrir starfsmenn safnsins eru undirmenn safnstjóra. Í byrjun september hóf Lýður MA-nám í Hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands og stundar hann námið samhliða vinnu samkvæmt samkomulagi við stjórn og í samræmi við kjarasamning stéttarfélags hans við Launaneftnd sveitarfélaga.

Linda Ásdísardóttir íslenskufraeðingur BA, **safnvörður** í 100% stöðu, starfar við hlið safnstjóra að faglegu safnastarfi. Linda hefur öðru hverju frá árinu 1999 starfað við gæslustörf í Húsinu, í fullu starfi frá maí 2008.

Jensína Jensdóttir starfaði við gæslu í Húsinu yfir sumartímann og ræstingar í Húsinu allt árið.

Agnes Karlsdóttir vann í hlutastarfi við safngæslu í Sjóminjasafninu og hafði umsjón með ræstingum þar.

Hörður Jóhannsson vann í hlutastarfi við safngæslu í Sjóminjasafninu og í afleysingum í Húsinu.

Andri Erlingsson háskólanemi vann í hlutastarfi hluta sumars við gæslu í Húsinu á Eyrarbakka.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er einnig á launaskrá vegna öryggismála.

Hildur Hákonardóttir hefur aðstoðað við uppsetningu sýninga safnsins í fjölmörg ár. Á árinu aðstoðaði hún við uppsetningu sumarsýningar og jólasýningar í borðstofu.

Helstu þjónustuaðilar

KPMG bókhald á Selfossi sér um bókhald, launaframtal og gerir ársreikning fyrir safnið. Einar Sveinbjörnsson hjá KPMG endurskoðun á Selfossi er endurskoðandi safnsins.

Árvirkinn sér um viðhald raflagna og eftirlit með flestum öryggiskerfum. TRS um viðhald tölvubúnaðar og nettenginga sem og birgir safnið af skrifstofuvörum, Tikk-takk ehf hýsir heimasíðuna www.husid.com og lætur í té vefumsjónarkerfi. Safnið er með nettengingu hjá Snerpu ehf á Ísafirði.

Vegna viðhalds á húsakynnum er einna helst leitað til Jóns Karls Ragnarssonar og þeirra bræðra Gísla og Guðmundar Kristjánssona. Eðalmálun á Selfossi sér um málningarvinnu við Húsið. Lagnaþjónustan á Selfossi sér um eftirlit með vatnsúðunarkerfi Hússins. Húsið er hluti af Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands og veitir Húsafriðunarnefnd ráðgjöf um viðhald þess hverju sinni og sér Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt hjá Húsafriðunarnefnd um þá hlið mála í samráði við Önnu Lísu Rúnarsdóttur sviðstjóra rannsókn- og varðveisluviðs Þjóðminjasafnsins.

Opnunartími og gestafjöldi 2010

Opnið var á söfnunum á Eyrarbakka alla daga frá 15. maí til 15. september kl. 11-18. Einnig var safnið opnað á safnahelgi í nóvember og einn dag á jólaföstu.

Jafnframt var opnað fyrir skólum og hópum á öðrum tímum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2010 varð 3725, þar af 380 erlendir og 101 í skólahópum. Fjöldi gesta í Húsið árið 2009 varð 5610, þar af 1270 erlendir og 350 í skólahópum. Um töluverða fækkun gesta milli ára er að ræða og eru skýringar fjölbættar. Miklu munar um fækkun erlendra ferðamanna og sömuleiðis hafa skólar kneprað við sig í rútukostnaði þannig að færri skólahópar koma en áður. Mælitæki við skráningu gesta er gestabók Hússins á Eyrarbakka. Spurningar hafa vaknað um áræðanleika þeirrar talningaraðferðar.

Mælingar sýna að um 80% af gestum Hússins koma jafnframt í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka skrifuðu 95 manns í gestabók. Mun fleiri komu og skrifuðu ekki. Ýmsir komu oft í margvíslegum erindagjörðum.





Þórunn Meyers sem fædd er 18. september 1910 heimsótti Húsið á Eyrarbakka sunnudaginn 19. september. Hún kom sérstaklega til Íslands til að halda upp á afmælið. Hér ræðir hún við safnstjórnann.

Rætur Þórunnar eru á Eyrarbakka og Stokkseyri. Móðir Þórunnar hét Þuríður Jónsdóttir frá Eyrarbakka, dóttir Jóns Þórhallasonar smiðs, og faðir hennar var Ásgrímur Adolfsson, ættaður frá Stokkseyri. Ásgrímur var sonarsonur Adólfs Petersen sem fæddur var í Húsinu á Eyrarbakka árið 1811 en var lengstum velmetinn hreppstjóri á Stokkseyri.

Húsakynni safnanna og viðhald þeirra árið 2010

Þegar allt er talið heyra tólf byggingar undir starfsemi Byggðasafns Árnesinga þrátt fyrir að aðeins tvö af þeim séu hrein 100% eign safnsins, þ.e. Þjónustuhúsið og Eggjaskúrin. Af þeim eru sex opin gestum, tvær geymslur, fimm friðaðar byggingar og ein bygging biður þess að verða opin upp á gátt. Byggingar Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru í eigu Sveitarfélagsins Árborgar. Rjómaúðið á Baugstöðum er 50% eign safnsins, Húsið er í eigu Ríkissjóðs. Ein bygging af þessum tólf er á söluskrá. Aldur þeirra er fjölbreyttur: Ein bygging er frá 18. öld, önnur frá 19. öld, fimm byggingar frá 20. öld og þrjár byggingar frá 21. öld. Eftirfarandi tafla útskýrir þetta nánar:

Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga 2010

Heiti	Staðsetning	Byggingarár	Eigandi	Hlutverk	Mynd
Húsið	Eyrargata 50, Eyrarbakki	1765	Ríkissjóður	Grunnsýning Byggðasafns Árnesinga, friðuð bygging.	
Assistentahúsið	Eyrargata 50, Eyrarbakki	1881	Ríkissjóður	Grunnsýning Byggðasafns Árnesinga. Friðuð bygging.	
Útihúsin við Húsið	Eyrargata 50, Eyrarbakki	1918-1922	Ríkissjóður	Friðuð hús, hluti af búsetulandslagi Hússins á Eyrarbakka. Viðgerðir hafnar. Sýningahald fyrirhugað.	
Eggjaskúrin	Eyrargata 50, Eyrarbakki	2004	Byggðasafn Árnesinga	Grunnsýning Byggðasafns Árnesinga. Náttúrusýning. Tilgátuhús.	
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	Túngata 59, Eyrarbakki	1970	Sveitarfélagið Árborg	Grunnsýning Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.	
Beitningaskúrin	Eyrargata 50, Eyrarbakki	1920	Sveitarfélagið Árborg	Gamall beitningaskúr. Gefinn Sjóminjasafninu 1990. Sýningahald fyrirhugað.	
Mundakotsskemma	Þykkvaflöt 2, Eyrarbakki	1960	Sveitarfélagið Árborg	Gamall bílskúr, gefinn Sjóminjasafninu um 1990, geymsla. Þarfnast viðhalds.	
Þjónustuhús	Hafnarbrú 3, Eyrarbakki	2002	Byggðasafn Árnesinga	Skrifstofa og safngeymslur Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.	
Rjómabúið á Baugsstöðum	Baugsstaðir, Stokkseyrarhreppi	1905	Byggðasafn Árnesinga 50%, Búnaðarsamband Suðurlands 50%	Rjómabú frá 1905, safn frá 1974 og er Byggðasafn Árnesinga 33% aðili að rekstri þess.	
Austurmyri 21	Selfoss	2002	Byggðasafn Árnesinga 50%, Héraðsskjalasafn Árnesinga 50%	Íbúð Helga Ívarssonar (1929-2009) frá Hólum í Stokkseyrarhreppi sem arfleiddi Byggðasafnið og Héraðsskjalasafnið að eignum sínum. Er í útleigu og á söluskrá.	

Á árinu var Húsið tjargað á flestum hliðum og gluggar málaðir. Sá Eðalmálun Suðurlands um það verk. Við Sjóminjasafnið á Eyrarbakka var haldið áfram að vinna að umfangsmiklum endurbótum og var byggingin klædd að utan og skipt um gólfefni.

Töluvert átak var gert í að fegra nánasta umhverfi Hússins og komu að því verki einstaklingar úr öllum heiminum. Útihúsin voru máluð á árinu og hreinsað var út úr fjósinu og það gert aðgengilegt. Sjóvarnargarðurinn lagfærður, komið upp brúapalli og sáð í Kanínugarðinn.

Gluggar og þakkarar á öllum útihúsum voru þússaðir, viðarvarðir og málaðir. Þak og veggir voru grunnvarðir og málaðir og einnig var brúapallur settur austan við útihúsin. Þessi betrubót var mikilvæg til að styðja við nýopnaða sýningu í Hjallinum, vestasta útihúsinu, og opna baklöd Hússins fyrir gestum.

Ljóst er að þessi aðgerð er aðeins til að fegra útihúsin tímabundið og þörf er á kostnaðarsömum viðgerðum á gluggum, múrverki, dyrakörmum og dyrum. Málningarvinnan var að stærstum hluta framkvæmd af sjálfbóðaliðum og voru þar fremst í flokki Inga Lára Baldvinsdóttir og fjölskylda ásamt starfsfólki safnsins. Einnig komu til verksins sjálfbóðaliðar frá samtökunum SEEDS, þau Giuta Avena frá Lettlandi, Melanie Rödel frá Þýskalandi, Akino Mori og Kazuko Aria frá Japan. Ingólfur Hjálmarsson málari veitti ráðgjöf við málningarvinnuna. Fjósið var gert aðgengilegt. Það hefur undanfarna áratugi verið nýtt sem geymsla fyrir afgangstímur og ýmsa hluti sem heyrðu til Hússins á sínum tíma. Er farið var að hreinsa til í fjósinu komu í ljós steinsteyptir flórar sem fullrytt er að séu þeir elstu sem finna má í fjósi á Suðurlandi. Básar eru heillegir og fékk kýrin Hryssa frá Litlu-Sandvík þess að njóta á



Jónsmessuhátíðinni á Eyrarbakka þegar hún gekk í bás kýrinnar Gulrótar sem lengstum var í eigu Þórunnar Gestsdóttur í Garðbæ, en kýrin Gulrót var einnig frá Litlu-Sandvík - þó riflega hálfri öld eldri.

Á tímum Kaupfélagsins Heklu sem var eigandi Hússins 1919 til 1924 voru útihúsin austan Kanínugarðsins endurbyggð. Í stað torfkofa risu fjögur bárujárnsklædd timburhús og standa þrjú þeirra í dag en hið fjórða sem stóð sunnan núverandi fjóss var síðar rífið. Fyrir miðju er útihús sem var kolageymsla og gripahús.



Linda Ásdísardóttir og Inga Lára Baldvinsdóttir mála útihúsin. Ljósmyndina tók Magnús Karel Hannesson.

Unnið var að endurhlöðun á sjóvarnargarðinum framan við Húsið og voru ytri hlið vesturveggjar og ytri og innri hliðar austurveggjar lagfærðar. Garðurinn hafði skekkst í jarðskjálftanum mikla 2008 og því þörf á viðgerð. Steinahleðslu- og garðyrkjumeistarinn Guðjón Kristinsson vann verkið ásamt sínu fólki. Meðan á verkinu stóð var kallað til Minjavarðar Suðurlands þegar í ljós kom að ýmis dýrabein og keramikbrot leyndust í garðhleðslunni. Framkvæmdin var unnin fyrir jarðskjálftabætur frá Forsætisráðuneytinu.

Að lokum má ekki gleyma að nefna að gulrótum var sáð í Kanínugarðinn. Linda Ásdísardóttir safnvörður sáði gulrótarfræjum snemma sumars og naut uppskerunnar að sumri liðnu ásamt öðru starfsfólki og gestum.

Skráningarkerfi og aðföng

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráð í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps ehf og flest minjasöfn landsins standa að. Jafnframt eru allar skráðar fornleifar færðar í gagnagrunninn Sarp. Um þessar mundir er unnið að nýrri gerð Sarps, Sarpur 3. sem verður aðgengilegur á vefnum.

Við móttöku nýrra aðfanga hafa starfsmenn þá vinnureglu að handskrifa í sérstaka aðfangabók um móttöku. Á grundvelli hennar eru gripir síðar skráðir í Sarp.

Skráðir voru 166 nýir safnmunir við söfnin á árinu 2010 en aðeins 6 ljósmyndir voru skráðar.

Enn eru ýmis aðföng frá síðustu árum óskráð, einkum ljósmyndir sem og stórar afhendingar eins og úr dánarbúi Helga Ívarssonar frá Hólum.

Fjöldi færsla í Sarpi hjá Byggðasafni Árnesinga í árslok var sem hér segir:

Munir: 6055 (þar af 504 hjá Tónminjasetri), nýskráðir voru 55 munir.

Myndir í Mannamyndaskrá: 2771 (þar af 185 hjá Tónminjasetri)

Myndir í Þjóðlífsmyndaskrá: 3141, nýskráðar voru 166 ljósmyndir.

Fornleifar skráðar í Sarp: 996.

Helstu aðföng 2010 voru ýmsir munir úr dánarbúi Helga Ívarssonar frá Hólum en töluverð vinna fólst í að fara yfir innbú Helga að Austurmýri 21 á Selfossi sem safnið erfði ásamt Héraðsskjalasafni Árnesinga.



Merkustu gripir sem bárust safninu á árinu voru teikningar eftir Sigríði Tómasdóttur í Brattsholti í Biskupstungum. Ættingjar Sigríðar gáfu safninu teikningarnar til varðveislu en fyrir á safnið eina teikningu eftir þessa merku konu. Sigríður (1871-1957) var þekkt fyrir náttúruvernd og barðist gegn virkjun í Hvítá og Gullfossi. Meðfylgjandi ljósmynd er

tekin í Húsinu á Eyrarbakka við afhendingu teikninganna, frá vinstri Guðni Karlsson frá Gýgjarhólskoti, Lýður Pálsson safnstjóri, Inga Kristjánsdóttir og Kristófer A. Tómasson. Sigríður var ömmusystir Ingu og Kristófers.

Sigríður Rósa Björgvinsdóttir gaf ljósmynd af foreldrum sínum Björgvini Magnússyni og Sigríði Jónsdóttur í Klausturhólum, Grímsnesi.

Bjarni Harðarson, Sólbakka, Selfossi, gaf jakkaföt er hann notaði á þingmannsárum sínum.

Sveitarfélagið Árborg fól Byggðasafni Árnesinga varðveislu kvikmyndaýningavéla úr Selfossbíói.

Frændurnir Stefán Sigurjónsson og Roar Aagestad gáfu leikföng úr tré smíðuð af frænda þeirra Stefáni Kristjánssyni húsasmíðameistara frá Geirakoti í Sandvíkurhreppi.

Jón Sigurðsson gaf ýmsa merka muni úr búi Sigríðar kaupmanns Kristjáns á Eyrarbakka.

Aðrir gefendur 2010 voru:

Ragnheiður Jónsdóttir f.h. sóknarnefndar Stokkseyrarkirkju,

Rannveig Pálsdóttir frá Stóru-Sandvík,

Guðborg Aðalsteinsdóttir, Hveragerði,

Guðmundur Kristjánsson, Eyrarbakka,

Auðbjörg Guðmundsdóttir, Eyrarbakka,

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri,

Erlingur Brynjólfsson, Selfossi,

Sigurgeir Magnússon, Garðabæ,

Guðbjörg Stephensen, Álftanesi,

Dánarbú Magneu Kristínar Hannesdóttur frá Stóru-Sandvík,

Guðmundur Hermaníusson, Selfossi,

María Hauksdóttir, Reykjavík,

Agnes Karlsdóttir, Eyrarbakka,

Dánarbú Kristófers Bjarnasonar.

Aðstaða til varðveislu

Í geymslum safnsins er góð aðstaða til varðveislu safnmuna. Þar er hita- og rakastig stöðugt og gluggar allir byrgðir sólarljósi. Í öllum húsunum, að undanskilinni Mundakotsskemmu, Beitningaskúrnum og útihúsunum, eru öryggiskerfi og í Húsinu og Assistentahúsinu vatnsúðunarkerfi (þurrt sprinklerkerfi).

Vegna stórra aðfanga undanfarin þrjú ár er farið að verða þröngt um gripi í þjónustuhúsi að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka og í Mundakotsskemmu.



Linda Ásdísardóttir og Hildur Hákonardóttir að störfum í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga. Þær eru að rýna í vefnað úr dánarbúi Helga Ívarssonar.

Rannsóknir og útgáfa

Hluti af starfseminni er öflun viðbótarupplýsinga um safngripi og ljósmyndir — og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka. Eftirfarandi rannsóknir eru stundaðar af söfnunum á Eyrarbakka:

Rannsóknir í tengslum við skráningu og forvörslu safngripa.

Rannsóknir og greining á ljósmyndum.

Rannsóknir á fornleifum eða fornleifaskráning.

Rannsóknir — til að svara fyrirspurnum til safnsins.

Rannsóknir vegna sýninga.

Rannsóknir á húsum og búsetulandslagi — húsakannanir.

Rannsóknir á sögu Hússins.

Rannsóknir á sögu safnanna.

Rannsóknir er verða til af áhuga og frumkvæði starfsmanna.

Rannsóknir á afmörkuðum þáttum er tengjast sögu héraðsins og rúmast innan þess sem segir um hlutverk safnanna í stofnskrám.

Samtímarannsóknir.

Þrátt fyrir að gifturíkt rannsóknastarf sé stundað af starfsfólki hefur útgáfustarf verið í takmörkuðum mæli og þá fyrst og fremst útgáfa á rannsóknarskýrslum.

Heimildarmyndin Húsið á Eyrarbakka má þó tvímælaust telja afrakstur rannsókna safnsins þar sem safnstjóri lét handritshöfundu Andrési Indriðasyni í té samantekt um Húsið á Eyrarbakka — sem er afrakstur rannsóknastarfs safnstjóra. Ljósmyndir sem prýða heimildarmyndina hafa verið rannsakaðar og greindar af starfsfólki og öðrum sérfræðingum. Sem dæmi um úrlausnarverkefni við gerð heimildarmyndarinnar á sínum tíma var hvernig bera ætti fram kvenmannsnafnið „Eugenia“. Niðurstaðan var sú að fara eftir framburði afkomenda hennar: [Aussenia].

Á heimasíðu safnsins www.husid.com má að jafnaði finna upplýsingar um Húsið á Eyrarbakka.

Söfnin hafa lagt mikla rækt í útgáfu póstkorta. Á árinu gaf Byggðasafn Árnesinga úr gormaðar minnisbækur í A5 og A6 stærð þar sem forsiður þeirra eru póstkort sem söfnin hafa gefið út í gegnum tíðina. Voru minnisbækurnar til sölu í Húsinu á Eyrarbakka og Gallerí Gónhól.

Á árinu var aftur tekið við rannsóknaverkefnið Bæja- og húsakönnun á Stokkseyri. Styrkur fékk hjá Húsafriðunarsjóði og var fyrir styrkinn unnið að gerð greinargerðar um búsetulandslag Stokkseyrar. Ráðgjafi verkefnisins er Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt. Í árslok voru tilbúin drög að greinargerð ásamt endurskoðaðri húsaskrá. Stefnt er að útgáfu á árinu 2011 ef styrkir fást til verksins.

Á árinu var unnið að þremur rannsóknarverkefnum á sviði samtímasöfnunar en þau eru:

Hvar varst þú?

Áfram var haldið vinnu við verkefnið Hvar varst þú? sem fellst í söfnun jarðskjálftasagna frá 2008. Safnasjóður styrkti verkefnið þ.e. úrvinnslu og vistun afraksturs verkefnisins en áður hafði Menningarsjóður Suðurlands styrkt sýningu á jarðskjálftasögum.

Leikir barna 2009

Safnið tekur þátt í samstarfsverkefni sem kallast *Leikir barna 2009* og miðar að því að rannsaka ólíka leiki barna



Börn í Flóaskóla.

viðs vegar um landið. Alls taka átta söfn þátt í þessu verkefni og hófst það árið 2008. Eitt af markmiðum þess er að þjálfa safnafólk í ákveðinni aðferðarfræði í söfnun samtímaheimilda. Starfsmaður safnsins vann vettvangsrannsókn um haustið í tveimur skólum í Árnassýslu, Flóaskóla og Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Enn er verið að vinna úr þeim gögnum og mun afraksturinn skila sér í sameiginlegri sýningu og ríftíni árið 2011. Verkefnið er styrkt af Safnasjóði. Linda Ásdisardóttir heldur utan um þátttöku Byggðasafns Árnesinga í verkefninu.

Brauð

Þriðja samtímarannsóknin sem Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í er verkefnið *Hverarúgbrauð* sem hófst árið 2008. Gerð verður rannsókn á vinnslu hverarúgbrauðs í Hveragerði með aðstoð frá þremur ólíkum bókum í þorpinu. Bæði er verkmenningin rannsökuð og einnig saga hverarúgbrauðs á þessu svæði. Afrakstur rannsóknarinnar verður miðlað stafrænt á netinu. Þetta er hluti af samnorrænu verkefni *Bröd i Norden* sem er á vegum Norsam. Fleiri söfn á Íslandi taka þátt. Safnið fær ferðastyrki til að taka þátt í verkefninu. Linda Ásdisardóttir heldur utan um þátttöku Byggðasafns Árnesinga í verkefninu.

Fornleifadeild Byggðasafns Árnesinga

Starfsemi fornleifadeildar Byggðasafns Árnesinga lá niðri á árinu. Á skrifstofu Byggðasafns Árnesinga eru varðveitt skráningarverkefni áráanna 2004 til 2009.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur sem hélt utan um starfsemi fornleifadeildarinnar réði sig til fornleifadeildar Náttúrustofu Vestfjarða og leigir aðstöðu á skrifstofu Byggðasafns Árnesinga.

Í byrjun ársins var Evrópuverkefnið *Unlocking Hidden Heritage* (UHH) gert upp og því formlega lokið.

Einu óloknu verkefni sem fornleifadeildin fékk greitt fyrirfram í árslok 2009 var framselt til fornleifadeildar Náttúrustofu Vestfjarða.

Sýningar og helstu viðburðir 2010

Þorrasýning

Fyrsta sýning ársins var þorrasýning í borðstofu Hússins. Mjólkurvinnsla og matargerð fyrri tíma var kynnt fyrir grunnskóla- og leikskólahópum. Börnin sáu fyrst búið úr heimildarmyndinni *Í dagsins önn* og svo voru viðeigandi safngripir dregnir fram og hlutverk þeirra útskýrð.

Vor í Árborg 13. - 16. maí

Söfnin tóku þátt í hátíðinni *Vor í Árborg* á hefðbundinn hátt og buðu gestum frían aðgang. Sumarsýningar safnanna opnuðu, tónlistin skipaði veglegan sess í Húsinu. Eldri borgarar áttu dagstund í Húsinu og gæddu því lífi með spili, spjalli og handíð. Sáð var fyrir gulrótum við opnun safnanna og gestir gæddu sér á uppskerunni að hausti.

Auður — böll eða blessun

Sumarsýning í borðstofu nefndist *Auður — böll eða blessun?* Á sýningunni var varpað ljósi á ríkidæmi 19. aldarinnar þegar gjaldmiðillinn var fiskur, hey og ull og gullið var falið á kistubotni. Sýndir voru gripir sem tengjast ríkið mönnum þess tíma og/eða tíðarandanum.

Manstu hvar þú varst?

Í Sjóminjasafninu var brot af sumarsýningu 2009 um jarðskjálftann sem reið yfir Suðurland árið 2008.

Vortónleikar föstudagskvöldið 14. maí

Hljómsveitin Spaðar hélt tónleika í Bláu stofu Hússins við opnun sumarsýninga safnanna. Mjög fjölmennt var á þessum viðburði og stemmingin svo frábær að sjá mátti einstaka gesti stíga sporin í borðstofunni við hliðina.



Hljómsveitin var klöppuð upp og spilaði hálf tíma lengur en ætlað var. Hljómsveitina *Spaða* skipa þeir Guðmundur Ingólfsson, Sigurður Valgeirsson, Guðmundur Andri Thorsson,

Guðmundur Pálsson, Aðalsteinn Arason og Magnús Haraldsson. Einnig er í hljómsveitinni Gunnar Helgi Kristinsson. Tónleikarnir voru hluti af viðburðadagatali Byggðasafns Árneseinga og styrktir af Menningarráði Suðurlands.

Þjóðbúningakynning 15. maí

Oddný Kristjánsdóttir frá *Þjóðbúningastofunni* kom og sagði frá íslenska faldbúningnum og sýndi þróun hans.

Vinjettuhátíð 16. maí

Ármann Reynisson vinjettuskáld stjórnaði dagskrá í stásstofu Hússins þar sem fléttað var saman upplestri og tónlist. Örlýgur Benediktsson tónskáld lék á píanó og Ingibjörg Birgisdóttir á flautu, fjölmargir komu svo saman og lásu vinjettur Ármanns.

Sjómannadagurinn 6. júní

Fyrir utan Sjóminjasafnið sýndi Böðvar Sigurjónsson hvernig beita á í bala, Ragnar Gestsson og Ingólfur Hjálmarson settu upp smiðju og hömruðu járníð fyrir gesti og Ólafur Adolfsson lék á harmonikku. Safnið var í samstarfi við *Björgunarsveitina Björg* um dagskrá og sveitin nýtti Garðstúnið fyrir sína viðburði eins og hefð er fyrir.

Jónsmessuhátíð 27. júní

Jónsmessan var haldin með pompi og prakt samkvæmt hefð. Þetta árið lagði safnið áherslu á fjósamennsku og mjólkurvinnslu í dagskrá sinni. Í gamla fjósinu norðan við Húsið voru kýrin Hryssa frá Litlu-Sandvík og kálfur



hennar í gerði og vöktu mikla athygli og ánægju gesta. Utandyra var smjör strokkað í bullustrokk uppá gamla mátann og gestum boðið að leggja hönd á plóg og svo smakka afurðina. Hjónin Jón Ingi Jónsson og Jóhanna Sveinsdóttir frá Þórustöðum í Ölfusi voru til aðstoðar við þessa dagskrá.

Í garðinum við Húsið sýndu liðugir krakkar frá Árborg listir sínar.

Parkour-hópur sýndi t.d. hvernig á að hlaupa upp vegg og hópur fimleikastúlkna sýndu dansatriði sem þær sýndu á *Eurogym* hátíðinni í Danmörk síðar um sumarið.

Að kvöldi söfnuðust Jónsmessugestir saman í stásstofunni og sungu saman við undirleik Heimis Guðmundssonar áður en haldið var til brennu.

Safnadagurinn 11. júlí

Ný sýning opnaði í hjallinum, einu af útihúsi safnsins. Í hjallinum var þurrkaður fiskur áður fyrr en nú eru þar amboð af ólíkum toga.

Aer-tríóið hélt tónleika í stásstofu Hússins og flutti þjóðlög eftir sunnlensk tónskáld en sveitina skipa Margrét Stefánsdóttir sópransöngkona, Jóhann I. Stefánsson trompetleikari og Hilmar Örn Agnarsson organisti.

Frá Sjóminjasafninu leiddi Magnús Karel Hannesson sögugöngu um

Eyrarbakka af alkunnri snilld. Tundurdufli var komið fyrir á lóð safnsins en seinna leiddi frekari rannsókn í ljós að



þarna var um bauju að ræða. Baujan var í marga áratugi oliutankur við húsið Mörk á Eyrarbakka.



Þjóðlagahljómsveitin Rósin okkar í stásstofu Hússins á Aldamótahátíð 2010. Rósina skipa Kristján Kristmannsson, Ingólfur Magnússon, Rósa Jóhannesdóttir, Skarphéðinn Haraldsson og Ari Agnarsson.

Aldamótahátíð á Eyrarbakka 14.-16. ágúst

Aldamótahátíðin var haldin í annað sinn og þorpið iðaði af lífi.

Þjóðdansasfélagið dansaði í garðinum við Húsið og þrúðbúnar konur ofan úr sveitum seldu varning sinn.

Landnámsmænur frá Húsatóftum á Skeiðum fengu heiðursess í útihúsum Hússins.

Þjóðlagahljómsveitin *Rósin okkar* lék þjóðlög í stásstofu Hússins og í Sjóminjasafninu hnýtti Hörður skipstjóri hnúta og riðaði net.

Safnahelgi 5. — 7. nóvember

Safnahelgin virðist komin til að vera og var nú haldin í þriðja sinn. Söfnin voru með sérofnun þessa helgi og fjölbreytt dagskrá víða á Suðurlandi.

„Kvæðum saman kvöldvísu“ 5. nóvember

Kvæðamenn úr félaginu *Árgalanum* kváðu saman í Húsinu föstudagskvöldið 5. nóvember og buðu gestum að taka þátt. Ljúfur og góður andi ríkti á þessari kvöldæfingu kvæðamanna. Liður í Safnahelgi á Suðurlandi.

Ekta rúgbrauð 6. nóvember

Sýning á ýmsum gripum er tengjast rúgbrauði með sérstaka áherslu á hverarúgbrauð. Linda Ásdisardóttir hélt fyrirlestur um rannsóknarverkefnið *Hverarúgbrauð* sem safnið vinnur að og Kristján Runólfsson kom frá Hverabakaríi og gaf gestum að smakka gómsætt rúgbrauð. Liður í Safnahelgi á Suðurlandi.

Sögustund 6. nóvember

Í Sjóminjasafninu var gestum boðið uppá sögustund með Sigurgeiri Hilmarí Friðþjófsyni leikara sem fór með áheyrendur á skuggalegar slóðir forfeðra. Vínaleg kvöldstund á laugardagskvöldi sem var liður í Safnahelgi á Suðurlandi.

Húsin á Eyrarbakka: Bæklingur og veggspjöld - kynning 7. nóvember

Inga Lára Baldvinsdóttir kynnti útgáfu bæklinga og veggspjalda um gömlu húsin á Eyrarbakka sunnudaginn 7. nóvember. Bæklingurinn hefur að geyma þrívíddarkort með myndum af öllum gömlu húsunum sem enn standa í þorpinu ásamt textum um ellefu þeirra. Á bakhlið kortsins er texti eftir Ingu Lára Baldvinsdóttur um þróun byggðarinnar, húsagerðir á Eyrarbakka og húsavernd í þorpinu. Í kynningartexta bæklinga segir: „Heildstæð götuynd frá aldamótunum 1900 og samstæðar húsapýrpingar setja svip sinn á þorpið Eyrarbakka og skapa það sérstaka andrúmsloft sem einkennir það. Hvernig mótaðist þetta þorp og af hverju hafa svo mörg gömul hús

varðveist þar?“ Bæklingurinn er gefinn út af Eyrarbakklasa, Byggðasafni Árnesinga og Kirkjustræti ehf með styrk frá Menningarráði Suðurlands og Húsafriðunarsjóði. Upphaf hans má rekja til almenns borgarafundar snemma árs 2009 á vegum Eyrarbakklasans þar sem óskir komu fram um að kynna betur húsasögu Eyrarbakka. Bæklingurinn á tvímælalaust eftir að koma að góðum notum fyrir ferðamenn sem koma gagngert á Bakkann til að skoða gömlu húsin en einnig fyrir aðra sem vilja kynna sér þennan þátt menningarsögu staðarins. Ritstjóri bæklingins er Inga Lára Baldvinsdóttir. Hönnun og umbrot



Inga Lára Baldvinsdóttir og Ásta Stefánsdóttir framkvæmdastjórn Árborgar halda á þvíðdarkortinu á milli sín.

voru í höndum hjónanna Ágústu Ragnarsdóttur og Þórarins F. Gylfasonar sem eiga og reka hönnunarstofuna Argh í Þorlákshöfn og á Þórarinn heiður af því að teikna þvíðdarkortið sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Samhliða voru gefin út tvö veggspjöld tengd gömlu húsunum á Eyrarbakka. Liður í Safnahelgi á Suðurlandi.

Fræðslufundur Sögufélags Árnesinga 18. nóvember

Að kvöldi 18. nóvember var haldið árlegt fræðslukvöld Sögufélags Árnesinga í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Gunnar Marel Hinriksson sagnfræðingur flutti erindi um búfjártalið 1703. Áður en Gunnar Marel hóf mál sitt var haldinn aðalfundur sögufélagsins.

Jólasýning 5. desember

Á jólasýningunni voru jólatré frá ólíkum tímum og margt jólapunt sem minnti á jólin áður fyrr. Dýrgripur safnsins er jólatré Kamillu prestfrúar í Hruna og fagurlega skreytt lyngi. Tréð er frá árinu 1873 og er talið elsta jólatré landsins en á þeim árum voru jólatré nýng á Íslandi. Jólalög voru leikin af plötum á sýningunni þetta árið og vakti plötuspilarinn mikla hrifningu yngstu gestanna.

Bókaupplestur 5. desember

Fjórir rithöfundar lásu úr verkum sínum á aðventunni. Skáldin sem voru kölluð til þetta árið voru Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir, Ófeigur Sigurðsson, Lára Björg Björnsdóttir og Gunnar Eggertsson. Jólakaffi var á boðstólunum.

Stuðningur Menningarráðs Suðurlands. Þetta ár fékk safnið góðan styrk frá Menningarráði til að standa straum af kostnaði við viðburði. Safnið gaf verkefninu nafnið *Gulrót* í höfuðið á frægri kú á Eyrarbakka. Kýrin Gulrót var fædd í Litlu-Sandvík árið 1941 og gerðu Þórunn Gestsdóttir í Garðbæ og Lýður Guðmundsson hreppstjóri og afi safnstjóra góð viðskipti er Tóta lét gulrætur í skiptum fyrir kvígukálfinn sem vitanlega fékk þetta skemmtilega nafn og náði háum aldri.

Jarðskjálftamál

Enn eitt árið frá 2008 leið án þess að kæmist að koma öllum kurlum til grafar er varða afleiðingar jarðskjálftans mikla.

Áfram var unnið að forvörslu safnmuna í Þjóðminjasafni Íslands.

Gylfi Guðmundsson trésmiður á Selfossi styrkti undirstöður sýningaskápa í bláu stofunni.

Í kjölfar jarðskjálftans 29. maí skemmdist Þjónustuhús Byggðasafns Árnesinga. Grindin skekkist og sökkull gekk til. Viðlagasjóður mun bæta tjónið. Ekki hefur enn verið skrifað undir matsgerð en tjónið nemur mörgum milljónum króna og ljóst er að byggingin hefur fallið í mati við skjálftann.

Á árinu var Sjóminjasafnið á Eyrarbakka styrkt en gólfplatan þar skekkist og sömuleiðis suðurveggur forsalar.

Árið 2009 var sýningahald Byggðasafns Árnesinga helgað jarðskjálftanum 2008 og vakti sumarsýningin *Hvar varst þú? — stóri skjálftinn* mikla og verðskuldaða athygli. Á árinu 2010 var hluti af þessari sýningu sett upp í forsal Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Linda Ásdisardóttir vann að skráningu jarðskjálftasagna fyrir tilstuðlan styrks frá Safnasjóði.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Eignasvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan samningsins. Sjóminjasafnið var stofnað og starfrækt af Sigurði Guðjónssyni á Litlu-Hæyri. Vann hann að söfnun gripa og byggði safnhús fyrir eigin kostnað með hjálp opinberra aðila. Hann gaf Eyrarbakkahreppi safnið árið 1987 og var Inga Lára Baldvinsdóttir umsjónarmaður safnsins frá 1987 til 1998. Mótaði hún starfsemina, kom skráningu í gott horf og skipulagði grunnsýningu. Sjóminjasafninu tilheyrir um 1500 safngripir og um 5000 ljósmyndir.

Á árinu 2009 var skipt um glugga og gluggakarma á öllu Sjóminjasafninu. Áfram var haldið endurbótum á húseigninni á árinu 2010. Vegna leka í sunnanslagviðrum var skipt um innri klæðingu á suðurhlíð forsalar og hliðin ásamt austurhlíð forsalar einöngruð upp á nýtt og málað í sama lit og var. Gólf Sjóminjasafnsins var lagfært og ný niðurföll sett í forsal og aðalsal. Þá var skipt um gólfefni og í stað filt-teppis kom svart „steinteppi“ með sérstakri mól frá námu úr Mýrdal. SS-gólf sá um þetta verk. Að utanverðu var einnig einangrað með steinull og lóðrétt timburklæðing sett á alla útveggi. Klæðningin var máluð svört svo að ásynd safnsins að utan breyttist töluvert. Sá



eignasvið Sveitarfélagsins Árborgar um framkvæmdina en Vörðufell ehf var verktaki ásamt ýmsum undirverktökum.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tók þátt í starfi Sambands íslenskra sjóminjasafna. Áfram var

haldið að vinna að gerð sjóminjakorts yfir Ísland. Markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna

um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta. Samstarfsaðili SÍS er Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri sem vinnur að gagnagrunni um íslenskan menningararf sem tengist sjónum og sjávarútvegi.

Puríðarþúð hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu — og Byggðasafni Árnesinga sem heldur utan um muni puríðarþúðar. Umsjón með þúðinni hefur umhverfissvið Árborgar.

Rjómabúið á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eignaraðili að Rjómabúinu á Baugsstöðum. Samkvæmt Landsskrá fasteigna er Byggðasafn Árnesinga skráður 50% eigandi að rjómaskálanum á móti Búnaðarsambandi Suðurlands. Rjómaskálahúsið var friðlýst af menningar- og menntamálaráðherra árið 2005.

Æ meiri tími safnstjóra hefur farið í að sinna málefnum Rjómabúsins á Baugsstöðum, ekki síst eftir að Sigurður Pálsson á Baugsstöðum gaf til kynna á árinu að hann hefði í hyggju að láta af störfum húsvarðar í rjómbúinu. Líklegt má telja að faglegir starfsmenn Byggðasafns Árnesinga bæti umsjón með búinu við starf sitt. Drög að þjónustusamningi liggur fyrir en hefur ekki verið undirritaður. Að taka við umsjón Rjómabúsins á Baugsstöðum fellur vel að starfssviði Byggðasafns Árnesinga.

Ingibjörg Jóhannesdóttir, Valgeir Jónsson og Andri Erlingsson sáu um gæslu í rjómbúinu í júlí og ágúst. Rjómbúið fékk styrk frá Húsafriðunarnefnd til viðhalds en til stendur að lagfæra vesturhliðina sem farin er að ryðga.

Á árinu vann Gunnar Sigurgeirsson ljósmyndari að tókum á heimildarmynd um Sigurð Pálsson á Baugsstöðum.

Byggðasafn Árnesinga er samstarfsaðili að verkinu og hefur sótt um styrki fyrir hönd þessa verkefnis, auk annarar aðstoðar. Menningarráð Suðurlands hefur styrkt verkefnið með góðum upphæðum. Í árslok var tókum nær lokið og klipping langt komin á leið.

Í stjórn Rjómabúsins á Baugsstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari. Rjómbúið á Baugsstöðum hefur verið safn frá 1971 og opið almenningi frá 1975. Breytingar í stjórn hafa verið fátíðar. Í þeirri upprunalegu voru Stefán Jasonarson í Vorsabæ, formaður, sem Sveinn tók við árið 1992, Páll Lýðsson var gjaldkeri til dánardags í apríl 2008 en þá tók sonur hans Lýður við gjaldkerastöðunni og Helgi Ívarsson í Hólum var ritari og tók Björn í Holti sæti Helga við lát hans í febrúar 2009. Í varastjórn eru Þorfinnur Þórarinnsson á Spóastöðum og Eva Marín Hlynisdóttir á Hrafnkelsstöðum.

Samstarf

Minjasafnið í Gröf. Lítið þokast í málum Minjasafns Emils Ásgeirssonar í Gröf, Hrunamannahreppi. Það er einkaeign barna hans og hefur Guðjón Emilsson í Laxárhlið verið þar í forstöðu. Vilji allra aðila er að efla starfsemi minjasafnsins og koma því á opinberan grundvöll. Það er líklegt að safnið fari í eigu samfélagsins í gegnum Hrunamannahrepp og Byggðasafn Árnesinga með þjónustusamningi.

Bátasetur í Þorlákshöfn. Fyrir liggja hugmyndir að stofnun Bátaseturs í Þorlákshöfn þar sem bátar Þjóðminjasafns Íslands yrðu í fyrirrúmi með þátttöku Byggðasafns Árnesinga. Málið er í biðstöðu.

Tónminjasetur Íslands ses. Byggðasafn Árnesinga varðveitir muni tónskáldana Páls Ísólfssonar og Hallgríms Helgasonar. Munir Páls eru skráðir í Sarp.

Þjóðminjasafn og Safnaráð. Sem áður veitti Þjóðminjasafn Íslands margvislega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Byggðasafn Árnesinga tekur þátt í samstarfsverkefnum sem stýrt er af Þjóðminjasafninu.

Rekstrarfélag Sarps. Safnstjóri er í fulltrúaráði Rekstrarfélags Sarps og sat þar einn fund á árinu.

Góð samskipti eru við Fornleifavernd ríkisins og Húsafríðunarnefnd ríkisins. Á árinu lét Lýður Pálsson af störfum sem varamaður í Húsafríðunarnefnd ríkisins til tíu ára. Samskipti eru einnig við sérfræðinga Lista- og safnadeildar Menntamálaráðuneytisins.

Samtök safna á Suðurlandi. Safnstjóri sagði af sér sem formaður Samtaka safna á Suðurlandi á aðalfundi þess í byrjun maí. Við tók Barbara Guðnadóttir í Þorlákshöfn. Byggðasafn Árnesinga er áfram virkur þátttakandi í starfsemi samtakana sem eru í raun vel virk grasrótarsamtök menningartengdra stofnana á Suðurlandi.

Önnur samskipti áttu sér stað á margvíslegum vettvangi við söfn, hérlandis og erlendis, og fólust einkum í tölvupóstsamskiptum og sömuleiðis heimsóknunum, skipulögðum og óskipulögðum.

Safnið lánaði gripi á sýningar í Bókasafninu á Selfossi og í Hafnarborg í Hafnarfirði.

Fundur, námskeið og ráðstefnur

Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu. Í apríl skipulagði safnstjóri fund með safnafólki á Suðurlandi um nýja safnastefnu á sviði þjóðminjavörslunnar. Af hálfu Safnaráðs komu Ágústa Kristófersdóttir frá Safnaráði og Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og formaður Safnaráðs á fundinn ásamt Önnu Lisu Rúnarsdóttur sviðstjóra útisviðs Þjóðminjasafnsins sem heldur utan um stefnumótunavinnuna. Fundurinn var haldinn í Rauða-húsinu á Eyrarbakka. Á sviði stjórnsýslu og safnalaga er Safnaráð sá aðili sem safnið hefur mest samskipti við. Safnaráð sér um að úthluta viðurkenndum lista-, náttúru- og minjasöfnum rekstrar- og verkefnastyrkjum.

Ákveðið var að taka þátt í samstarfi Þjóðminjasafns Íslands og nokkurra minjasafna um allt landið um söfnun og skráningu samtímaminja eftir SAMDOK aðferðinni sem felst í skráningu á vettvangi frekar en söfnun gripa. Tvö verkefni voru í gangi, annarsvegar verkefnið *Leikir barna* og hinsvegar samnorrænt verkefni *Brauð* þar sem hlutverk Byggðasafns Árnesinga er að safna upplýsingum um bakstur brauða í hverum. Sjá nánar í kaflanum um rannsóknir. Starfsmenn Byggðasafns Árnesinga sóttu eftirtalin námskeið á árinu 2010:

- *Ég stjórnandinn*, hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, Lýður Pálsson safnstjóri sat það námskeið í febrúar og mars.
- *Markaðssetning á netinu*, námskeið hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands 8. mars, Linda Ásdisardóttir safnvörður sat námskeiðið.
- *Námskeið í gerð osta*, hjá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri 19. mars, Linda Ásdisardóttir sat námskeiðið.
- *Sýningagerð*, námskeið FÍSOS og Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, Lýður Pálsson sat það námskeið 26. apríl.
- *Markaðssetning á netinu*, námskeið FÍSOS og Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, Lýður Pálsson sat það námskeið 27. apríl.
- *Námsferð í samtímasöfnun og ljósmyndasöfnum* til Malmö og Stokkhólms 26. til 30. apríl. Linda Ásdisardóttir fór ferðina og greiddi safnið útlagðan kostnað.
- Safnstjóri sat *Farskóla FÍSOS* á Vesturlandi dagana 29. september til 1. október.
- Vinnufundur í verkefninu *Bröd í Norden* var haldinn dagana 29. september til 1. október í Kaupmannahöfn. Þar var Linda Ásdisardóttir. Safnið fékk ferðastyrki til að taka þátt í verkefninu.
- Safnstjóri Lýður Pálsson nemur meistaranám í *hagnýtri menningarmiðlun* við HÍ. Námið hófst í ágústlok 2010.

Kynningar- og markaðsmál

Ýmsar leiðir eru farnar til að koma safninu á framfæri:

Heimasíðan www.husid.com er haldið lifandi með uppfærslu fréttar af starfseminni og róteringu ljósmynda á forsiðu.

Safnstjóri sér í dag um að uppfæra efni síðunnar.

Safnið auglýsir víða og sér Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir hjá Stella design um hönnun auglýsinga.



Bás Byggðasafns Árnesinga á hátíðinni Blóm í bæ í Hveragerði.

Safnið hefur harslað sér völl á facebook og má í dag finna síðu þar undir heitinu „Húsið á Eyrarbakka — Byggðasafn Árnesinga“ og sömuleiðis halda hollvinir Hússins undir forystu Elínar Hansen í Minneapolis utan um síðuna „Descendants of The House (Húsið á Eyrarbakka).“

Byggðasafn Árnesinga var með kynningarbás á Sveitahátíð Jötuns — véla

að Austurvegi 69 á Selfossi í maí og sömuleiðis á Blóm í bæ í Hveragerði í júní.

Seint í desember óskaði Ríkissjónvarpið eftir því að kaupa sýningarrétt að heimildarmyndinni Húsið á Eyrarbakka sem safnið framleiddi árið 2007 undir stjórn Andrésar Indriðasonar — til sýningar í ársbyrjun 2011.

Arfur Helga Ívarssonar frá Hólum

Þann 13. febrúar 2009 lést Helgi Ívarsson frá Hólum. Hann var einn af helstu hollvinum Byggðasafns Árnesinga og Héraðsskjalasafns Árnesinga. Arfleiddi hann þessi tvö söfn að öllum eigum sínum. Er um að ræða fjármuni, íbúð, bifreið, lausamuni, bókasafn, ljósmyndir, frimerkjasafn og myntsafn. Skiptum á búi Helga lauk á árinu 2009, bíl og nýlegu sjónvarpsviðtæki var komið í verð en í byrjun ársins 2010 hófu Lýður Pálsson og Linda Ásdísardóttir að tæma íbúð hans að Austurmýri 21 á Selfossi. Íbúðinni var komið í útleigu og er á söluskrá hjá fasteignasölu. Allt innbú Helga er mikið að rýmisstærð og ljóst að margt úr búi Helga hefur ekkert varðveislugildi fyrir safnið, annað takmarkað varðveislugildi en vissulega biða ýmsir munir frá Hólum skráningar í aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga.

Árni Richter og Hannes M. Andersen - minning

Í mars bárust fréttir af láti tveggja heiðursmanna, þeirra Árna Richter sem lést í desember 2009 og Hannesar M. Andersen sem lést í byrjun febrúar 2010. Báðir voru þeir á tíræðisaldri. Þeir voru búsettir á Washington-eyju á Michigan-vatni og afkomendur Eyrbekkinga sem fóru árið 1872 vestur um haf til að freista gæfunnar. Árni Richter rak ferjufyrirtæki og nefnist ein ferja hans *Eyrarbakki*. Árni og Hannes heimsóttu Eyrarbakka skömmu fyrir aldamót og tjáðu safnstjóra áhuga á að styrkja starfsemi safnsins. Úr varð að þeir, ásamt Jeannine A. Ronning, gáfu safninu 20.000 USdollara sem nýttust til að endurbyggja Eggjaskúrinn árið 2004.

Helstu tölur úr ársreikningi 2010

Rekstrartekjur

	Þúsund kr.
Héraðsnefnd Árnesinga framlag	17.900
Safnasjóður, rekstrarframlag og verkefnastyrkir	2.000
Sveitarfélagið Árborg, v. Sjóminjasafns	3.756
Aðgangseyrir og ýmsar tekjur	840
Tekjur og framlög fornleifadeildar (m. UHH)	17
Arfur	290
Tekjufærðar jarðskjálftabætur	745
Styrkir og aukatekjur	2.298
	27.846

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	16.475
Annar rekstrarkostnaður	7.501
Rekstur fasteigna	3.318
Kostnaður við fornleifaskráningu	523
Heimildarmynd um Rjómabúið á Baugsstöðum	400
Verkefnið Unlocking hidden heritage	1.440
Afskriftir	290
	29.949
Rekstrarhalli fyrir fjármagnsliði	-2.102
Vextir og verðbætur	-648
Tap ársins	-2.751

Eyrarbakka, 19. apríl 2011,


Lýður Pálsson
safnstjóri.